

Aðalfundur stjórnar Minjasafns Austurlands, haldinn í Safnahúsinu, Laufskógum 1 Egilsstöðum, 25.4.2016 kl. 16:00

Mættar Maríanna Jóhannsdóttir, Margrét Dögg Guðgeirsd. Hjarðar, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir ásamt Elsu Guðnýju Björgvinsdóttur safnstjóra.

Kristjana Björnsdóttir boðaði forföll og varamaður hennar sömuleiðis.

Dagskrá fundar:

1. Skýrsla stjórnar og safnstjóra fyrir liðið starfsár.

Elsa Guðný safnstjóri fer yfir ársskýrslu 2015. Skýrslan var afhent stjórn og er aðgengileg á heimasíðu safnsins.

2. Afgreiðsla ársreiknings

Elsa Guðný og Maríanna fara yfir ársreikning 2015 ásamt endurskoðunarskýrslu ársins 2015. Rekstrarniðurstaða ársins var neikvæð á árinu 2015 að fjárhæð 13,8 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé samlagsins í árslok nam 118,7 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Vísað er til ársreikningsins um jöfnun taps og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum. Ársreikningurinn borinn undir atkvæði, samþykktur og undirskrifaður.

3. Kjör endurskoðenda

Samþykkt að KPMG verði áfram endurskoðandi Minjasafns Austurlands.

4. Önnur mál

- Elsa Guðný fær orðið og fer yfir starf Minjasafnsins það sem af er 2016. Þar má nefna safnakennsluna og styrki tengda henni. Styrkur kom einnig fyrir nýrri heimasíðu sem var hönnuð og sett upp af PES ehf. Síðan var opnuð í byrjun apríl. Elsa fjallar um komandi samstarf Minjasafnsins, Héraðsskjalasafnsins og Menningarmiðstöðvar Fljótaldalshéraðs varðandi Jón Stefánsson frá Möðrudal. Safnstjóri hefur sótt fundi er snúa að ferðapjónustunni og samfélaginu á Austurlandi, t.d. borgarafundi. Elsa Guðný fer yfir opnunartíma og starfsfólk sumarsins. Það var opið hús sumardaginn fyrsta á vegum allra safnanna í Safnahúsinu og var vel mætt þann dag. Elsa Guðný greindi frá afturvirkri launaleiðréttingu til tveggja starfsmanna safnsins.

Fundargerð upplesin og samþykkt
Fundi slitið kl. 17:15

Margrét Dögg ritaði fundargerð